

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2020

2023/EES/66/05

frá 23. október 2020

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1341 frá 28. september 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2020/466 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda um Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við lið 11c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466) í hluta 1.1 í I. kafla og 31r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1341**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1341 frá 28. september 2020 (Stjtið. ESB L 314, 29.9.2020, bls. 2).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 170. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1341**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1341 frá 28. september 2020 (Stjtið. ESB L 314, 29.9.2020, bls. 2).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1341, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 314, 29.9.2020, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.